

Ráðbarður sf  
Bjarni Þór Einarsson,  
byggingarfulltrúi  
Höfðabraut 6  
530 Hvammstangi



Reykjavík, 13. október 2010  
Tilvísun: UST20100500130/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við Tagl í Vesturbyggð

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Vesturbyggðar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar á svæði við Tagl í Vesturbyggð.


Deiliskipulagssvæðið við Tagl í Vesturbyggð nær yfir 22,8 ha svæði, þar af eru frístundalóðir alls 13 ha og að öðru leyti eru leiksvæði og gönguleiðir á svæðinu. Deiliskipulagssvæðið er rétt austan við þjóðveg nr. 63 sem liggur milli Bíldudals og Tálknafjarðar og er tenging inn á svæðið frá þeim þjóðvegi.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemd:

#### Skilmálar

Í skilmálum kemur fram að: „*Stærð byggingarreita er breytilegur en megin reglan er að þeir eru 20 m frá lóðamörkum meðfram vegum og 5 m frá öðrum lóðamörkum milli lóða.*“ Umhverfisstofnun bendir á að skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram að: „*Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim. Byggingarreitir skulu ekki staðsettir nær lóðarmörkum en 10 m.*“

Ofangreint deiliskipulagssvæði er ekki á náttúruverndarsvæði, og á svæðinu eru ekki jarðmyndanir eða vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Leiksvæði er áætlað á gömlu túni og fjarlægðir frá bökkum Seljadalsár eru í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar. Umhverfisstofnun gerir því ekki aðrar athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar við Tagl í Vesturbyggð.

Virðingarfyllst  
  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Landmótun